

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Hjálparsjóð æskufólks, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. apríl 1964.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Hjálparsjóð æskufólks.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Hjálparsjóður æskufólks.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður að tilhlutan Magnúsar Sigurðssonar, skólastjóra, Reykjavík.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er ágóði, sem verður af sýningu kvikmyndarinnar Úr dagbók lífsins og gefið er til minningar um hjónin Sigurð Magnússon, lækni, og konu hans Esther Helgu Magnússon, og enn fremur gjafafé þeirra, sem rita nöfn sín í áskriftabókina Réttið hjálparhönd.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja eða aðstoða munaðarlaus, vanrækt eða nauðstödd börn eða æskufólk. Má verja til þess árlega af fé sjóðsins fjárhæð, sem svarar tekjum hans næst liðið ár. Stofnfé sjóðsins má ekki skerða, nema brýnar ástæður krefji.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af biskupnum yfir Íslandi. Annar af Sambandi ísl. barnakennara, en hinn þriðji af Barnaverndarráði Íslands. Magnús Sigurðsson, skólastjóri, skal eiga sæti í stjórn sjóðsins í stað fulltrúa Barnaverndarfélags Íslands, meðan hann óskar þess.

Stjórnin skiptir með sér verkum.

Skipunartími stjórnarmanna er fjögur ár.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Vextir.
- b) Gjafir og áheit, sem sjóðnum kunna að áskotnast.
- c) Tekjur, sem stjórn sjóðsins kann að afla honum.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal vinna að markmiði hans og sjá um ávöxtun hans. Fé sjóðsins skal öðru fremur lánað eða látið af hendi til að flýta fyrir byggingu heimila fyrir afvegaleitt æskufólk eða til kaupa á þeim. Ekki má festa meira af fé sjóðsins til langs tíma en svo, að jafnan séu kr. 50000.00 tiltækar.

Stjórn sjóðsins heldur fundarbók og færir inn í hana skipulagsskrá þessa, svo og allar ákvarðanir varðandi sjóðinn. Árlega reikninga sjóðsins skal senda ríkisendurskoðuninni til endurskoðunar.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal ársreikningi eigi síðar lokið en 1. marz.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og skal hún síðan prentuð í B-deild Stjórnartíðinda.